

Nr. 138 / 09 Dettifoss**Skipverji slasast á auga**

IMO nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarþók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. nóvember 2009 var Dettifoss á siglingu frá Danmörku til Færeyja. Veður: SA 10-14 m/sek.

Skipverji var að hreinsa stálbolta með slípirokk með skurðarskífu þegar ryðkorn lentu í hægra auga hans. Hann varð ekki óvinnufær en hann þurfti að vera undir læknishendi um tíma til að ná óhreinindum úr auganu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að vinna við að skera í ró á pinnbolta úr tankopi sem var föst og skipta átti um;
- að hann var ekki með hlífðargleraugu við verkið þar sem hann taldi sig ekki sjá vel til með þeim. Þau hafi verið rispuð og menn hafi freistast til að taka þau af sér vegna þess;
- að eftir atvikið var séð til þess að alltaf væru til næg gleraugu til skiptanna og þeim sem farið væri að sjá á hent.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera að slasaði hafi ekki notað hlífðargleraugu við störf sín.